# Borg

## Deiliskipulagsbreyting Borgarbraut 4

Rangárþing ytra




Breyttur deiliskipulagsuppdráttur 1:2.000




Gildandi deiliskipulagsuppdráttur, minnkaður í 1:4.000

SKÝRINGAR

- Íbúðarlóðir
- Lögbýli
- Þjónustulóðir
- Verslunar- og þjónustulóð
- Byggingarreitir
- Núverandi byggingar
- 1,51ha Lóðarstærðir
- Mænisstefna
- H Hreinsivirki / siturbeð
- Akvegir og bílastæði
- Gönguleiðir
- Jarðamörk
- Mörk skipulagssvæðis




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028, með síðari breytingum

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann ___________

Tillagan var auglýst frá _____________
með athugasemdafresti til _______________

f.h. Rangárþings ytra

___________________________________

Greinargerð

Deiliskipulag fyrir lóðir úr landi Borgar og Eyrartúns var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í ágúst 2008.
Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB15, utan að lóðin Borgarbraut 4 er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði VÞ35. Á lóðinni er rekin ferðaþjónusta. Breyting er gerð á deiliskipulagi til að samræma deiliskipulagið við stefnu í aðalskipulagi og núverandi notkun lóðarinnar.

Í aðalskipulagi er á verslunar- og þjónustu-svæðinu VÞ35 heimilt að vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti og fasta búsetu fyrir eigendur/starfsfólk. Heimilt er að byggja 3 hús og heildar byggingarmagn getur verið allt að 600 m² á einni til tveimur hæðum.

Breytt deiliskipulag
Að öðru leyti en því sem að neðan greinir gilda skilmálar eldra deiliskipulags.

Kafli 2.3 Staðsetning húsa
Á Borgarbraut 4 er heimilt að byggja 3 hús á 1-2 hæðum og getur heildar byggingarmagn verið allt að 600 m².

Kafli 2.9 Sorphirða
Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

Kafli 4.1 Almennt
Á Borgarbraut 4 er heimilt að byggja 3 hús sem geta eftir atvikum verið gistihús, íbúðar- og starfsmannahús, gestahús.

Umhverfisáhrif
Áhrif af breytingunni eru metin óveruleg. Ferðaþjónusta er rekin á lóðinni í dag og er umferð að henni og frá, einkum kvölds og morgna. Helst má búast við að íbúar á næstu lóðum verði fyrir ónæði þegar gestir koma og fara.

EFLA

Borg í Rangárþingi ytra
Deiliskipulagsbreyting
Borgarbraut 4

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 9011-001 | A2 | IS | ÁJ |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:2.000 | 25.08.2021 | | |

SAMÞYKKT: TILLAGA